


## Litrík páskaegg - í vasa eða blómapott.

Efni og áhöld:

Föndurmálning, pensill, frauðegg, grillpinna, borði, skæri, fljótandi lím.

Að eigin vali: fjaðrir, servíetta með mynd, límlakk.



1. Festið frauðegg á grillpinna og málið með föndurmálningu 2-3 umferðir. Látið þorna.



2. Klippið út mynd úr servíettu þannig hún passi á eggjið. Berið límlakk á eggjið, setjið myndina á og berið límlakk varlega yfir myndina með pensli.



3. Fjaðrir eru límdar á eggjið með fljótandi lími eða límlakki. Klippið borða og bindið hnút eða slaufu upp við eggjið til skrauts. Látið hugmyndaflugið ráða þegar eggjið er málað og skreytt. Hér koma nokkrar hugmyndir. Góða skemmtun!

